

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 18. júní 2020  
UST202006-183/M.H.G.  
08.28.03

### **Efni: Umsögn um heildarendurskoðun laga um loftferðir**

Vísað er til máls nr. 102/2020 á Samráðsgátt stjórnvalda um heildarendurskoðun laga um loftferðir, þar sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra áformar að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um loftferðir o.fl. í ljósi þess að nágildandi lög nr. 60/1998 um loftferðir eru nokkuð komin til ára sinna og því talið tímabært að yfirlifara þau heildstætt. Sérstaklega er óskað eftir ábendingum og eða tillögum frá hagsmunaaðilum sem stutt geta við þá vinnu sem fram undan er og í því samhengi er einkum leitað eftir afstöðu til tiltekinna atriða í nágildandi lögum, þ.m.t. heimildar til kyrrsetningar loftfars sbr. 1. mgr. 136. gr. laganna. Umhverfisstofnun telur rétt að benda á eftirfarandi atriði í tengslum við skyldu rekstraraðila flugvalla um að verða við beiðni stofnumarinnar um að aftra för loftfars.

Í 2. másl. 1. mgr. 136. gr. loftferðarlaga er kveðið á um það að rekstraraðili flugvallar skuli verða við beiðni Umhverfisstofnunar um að aftra för loftfars uns lögmælt gjöld vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, er varða viðkomandi loftfar, eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra.

Ákvæðið er mjög sambærilegt og nær samhljóma 2. mgr. 42.gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál sem fjallar um heimild Umhverfisstofnunar til að óska eftir því að rekstraraðili flugvallar aftri för loftfars uns lögmælt gjöld vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, er varða viðkomandi loftfar, eru greidd eða trygging hefur verið sett fyrir greiðslu þeirra.

Um er að ræða afar íþyngjandi úrræði og að mati Umhverfisstofnunar mætti það vera skýrara í 1.mgr. 136.gr. loftferðalaga hvað átt sé við með lögmæltum gjöldum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, t.a.m. með tilvísun í lög nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að bæði í 2. mgr. 42. gr. laga um loftslagsmál og í 1. mgr. 136. gr. laga nr. 60/1998 er heimildin bundin við það að aftra för loftfars vegna vanskila er varða „viðkomandi loftfar“. Í ljósi þess telur Umhverfisstofnun mikilvægt að úrræðið sé skýrt orðað í lögum og að enginn vafi leiki á um í hvaða tilfellum sé heimilt að beita því. Viðskiptakerfi með losunarheimildir og gjöld er varða viðskiptakerfið og losunarheimildir flugrekenda eru ekki bundin við tiltekin loftför heldur flugrekendur. Þar af leiðandi er ekki hægt að tengja tiltekin vanskil á gjöldum við tiltekið loftfar, heldur einungis við flugrekanda.

Að mati Umhverfisstofnunar er heimildin eins og hún er orðuð í dag ekki nægilega skýr til að mögulegt sé að nýta hana, líkt og í ljós kom í tengslum við gjaldþrot WOW Air árið 2019 en þá kom til tals að beita úrræðinu vegna þess að félagið skuldaði losunarheimildir. Til að flækja málin var eina loftfar félagsins sem staðsett var hér á landi þegar málið kom til skoðunar í eigu þriðja aðila sem, samkvæmt því sem Umhverfisstofnun komst næst, hafði rift leigusamningi við WOW Air. Eftir að hafa skoðað umrædd ákvæði ákvað Umhverfisstofnun að óska ekki eftir því að för loftfarsins yrði aftrað þar sem að heimildin þótt ekki nægilega skýr um það hvort heimilt væri að óska eftir því að för loftfars í eigu þriðja aðila vegna vanskila flugrekandans þegar ekki er hægt að tengja vanskilin sérstaklega við það loftfar að öðru leyti en því að flugrekandinn hafði haft loftfarið á leigu.

Að mati Umhverfisstofnunar væri það til bóta að skýra heimildina frekar og tengja hana við 2. mgr. 42. gr. loftslagslaga þannig að skýrara verði hvaða lögmæltu gjöld sé átt við. Jafnframt væri það til bóta að mati stofnunarinnar að skýra nánar hvort tengja þurfi vanskil við tiltekið loftfar, sem er ekki möguleiki í viðskiptakerfi með losunarheimildir, eða hvort stofnuninni sé heimilt að óska eftir kyrrsetningu loftfars í umráðum flugrekanda sem er í vanskilum óháð eignarráði.

Ekki hefur gefist tími til að útfæra eða setja fram tillögur að úrbótum innan Umhverfisstofnunar en talið var rétt að koma framangreindum ábendingum á framfærni innan frests til að skila ábendingum á Samráðsgátt stjórnvalda. Umhverfisstofnun er reiðubúin að veita aðstoð við endurskoðun á 1. mgr. 136. gr. hvað heimildir stofnunarinnar til að óska eftir því að loftfar verði kyrrsett varðar.

Virðingarfyllst



Elva Rakel Jónsdóttir  
sviðsstjóri



Margrét Helga Guðmundsdóttir  
sérfræðingur